

Breytist kaupgjald hjá Rafveitu Hafnarfjarðar frá 1. janúar 1996 hvort heldur er vegna breytinga á grunnkaupi, kaupgjaldsvísitölu eða vegna samninga, er rafveitunefnd heimilt að breyta gjaldskrárlíðum gjaldskrár þessarar til samræmis um allt að 4/5 af þeirri breytingu.

Ávallt skal miða við að tekjur standi undir rekstri, aukningu veitukerfis og að rafveitan skili arði.

Gjaldskrá þessi, B-hluti, raforka og aðrir gjaldskrárlíðir, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til að taka gildi 1. maí 2000. Jafnframt er felld úr gildi eldri gjaldskrá nr. 618 20. september 1999.

*Iðnaðarráðuneytinu, 19. apríl 2000.*

F. h. r.

**Guðjón Axel Guðjónsson.**

*Katrín Jóhannsdóttir.*

Nr. 296

13. mars 2000

## REGLUR

### um framkvæmd prófraunar til öflunar málflutningsréttinda fyrir Hæstarétti.

1. gr.

*Lagagrundvöllur.*

Reglur þessar eru settar samkvæmt 2. mgr. 9. gr. laga um lögmennt nr. 77/1998.

2. gr.

*Form og efni umsóknar.*

2.1 Þegar lögmaður sækir fyrsta sinni um leyfi til þess að þreyta prófraun skal hann láta skriflegri umsókn fylgja staðfestingu dómsmálaráðherra á að hann fullnægi skilyrðum 1.–3. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/1998.

2.2 Umsókn um að þreyta prófraun, hvort sem er með flutningi fyrra máls eða síðara, skal koma til formanns prófnefndar í umslagi merktu: „Prófraun til öflunar málflutningsréttinda fyrir Hæstarétti“.

2.3 Umsókn skal fylgja stutt greinargerð umsækjanda um það hvers vegna hann telji, með vísan til ákvæða 3. og 4. gr., að málið uppfylli skilyrði til þess að vera prófmál, þar á meðal ábendingar til prófnefndar um hver séu veigamestu lögfræðilegu álitaeftin í málinu.

2.4 Umsókn skal berast formanni prófnefndar eigi síðar en þremur vikum fyrir flutningsdag samkvæmt málaskrá Hæstaréttar. Prófnefnd er þó heimilt að taka til umfjöllunar umsókn, sem berst síðar, ef sérstaklega stendur á, svo sem að nefndin hafi þegar fjallað um málið vegna annarrar umsóknar.

2.5 Málgögn (ágríp) málsaðila skulu fylgja umsókn í þremur eintökum.

3. gr.

*Mál sem geta verið prófmál.*

3.1 Að jafnaði skulu einungis mál, sem flutt eru fyrir fimm eða sjö manna dómi Hæstaréttar samkvæmt málaskrá réttarins, vera prófmál.

3.2 Einungis einkamál verða samþykkt sem prófmál. Frá þeirri meginreglu er unnt að víkja ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, svo sem vegna umfangs málsins og þegar lögfræðileg álitaeftin eru veigamikil.

## 4. gr.

*Matssjónarmið prófnefndar.*

Við mat á því hvort mál, sem fullnægir skilyrðum 3. gr., verði samþykkt sem prófmál skal ætíð litið til þess megintilgangs prófraunar, að með henni reyni á færni prófmanns til málflutnings fyrir Hæstarétti. Miða skal við það, hvernig mál er lagt fyrir Hæstarétt.

Að öðru leyti skal eftirfarandi meginsjónarmiðum fylgt við mátið:

4.1 Mál skal að jafnaði varða fleiri en eitt veigamikið lögfræðilegt úrlausnarefni, sem sýnt er að reyni á í málflutningi fyrir Hæstarétti.

4.2 Í máli verður að vera slíkur lögfræðilegur vafi, að niðurstaða verði ekki að öllu verulegu leidd af dómafordæmum, eða réttmætur efi leiki á því.

4.3 Slaka má á kröfum samkvæmt 4.1 ef skjöl máls eru svo yfirgripsmikil, að sérstaklega muni reyna á úrvinnslu og skipulega framsetningu prófmanns við flutning þess.

4.4 Seinna prófmál má vera lögfræðilega umfangsminna en getur í 4.1, að mati prófnefndar.

## 5. gr.

*Afgreiðsla umsókna.*

Þegar umsókn hefur borist formanni prófnefndar, sbr. 2. gr., tekur nefndin umsóknina fyrir á fundi. Ákvörðun nefndarinnar um niðurstöðuna skal tilkynnt umsækjanda sem fyrst og að jafnaði eigi síðar en tveimur vikum fyrir flutning máls í Hæstarétti. Synjun umsóknar skal fylgja stuttur rökstuðningur nefndarinnar.

## 6. gr.

*Fyrirkomulag prófraunar.*

6.1 Prófmaður skal skila sérstakri greinargerð um málið til Hæstaréttar og telst hún hluti málflutnings.

6.2 Prófmaður skal leggja fyrir Hæstarétt yfirlitsblað með tímaröð atvika með tilvísun til blaðsíðutals í ágripi.

6.3 Prófmaður skal leggja fyrir Hæstarétt tilvísanir til fræðirita og/eða dóma, hvort heldur íslenskra eða erlendra.

6.4 Í upphafi málflutnings í fyrra prófmáli skal prófmaður auk nafns síns í stuttu máli gera grein fyrir menntun sinni, starfsferli og núverandi starfi.

6.5 Síðan skal prófmaður heita því að viðlögðum drengskap, að hann skuli rækja með trúmennsku og samvisskusemi þau málflutningsstörf, sem honum verða falin.

## 7. gr.

*Mat á prófraun.*

Samkvæmt niðurlagsákvæði 2. mgr. 9. gr. laga nr. 77/1998 meta dómendur Hæstaréttar, sem skipa dóm í viðkomandi máli, hvort umsækjandi standist prófraunina.

## 8. gr.

*Birting reglnanna.*

Reglur þessar gilda frá birtingu í Stjórnartíðindum.

*Reykjavík, 13. mars 2000.*

Prófnefnd til öflunar málflutningsréttinda fyrir Hæstarétti  
samkvæmt 2. mgr. 9. gr. laga nr. 77/1998.

**Jakob R. Möller**  
hæstaréttarlögmaður

**Hervör Þorvaldsdóttir**  
héraðsdómari

**Björn P. Guðmundsson**  
prófessor